

Skútustaðahreppur  
Guðrún María Valgeirsdóttir,  
sveitarstjóri  
Hlíðavegi 6  
660



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 24. júlí 2008  
Tilvísun: UST20080700075/ksj

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996 - 2015, við Skútustaði 2b og tillaga að deiliskipulagi yfir sama svæði.**

Vísað er til erindis sveitarstjóra Mývatnshrepps er barst Umhverfisstofnun 9. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996 – 2015 og tillögu að deiliskipulagi fyrir Skútustaði 2b.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillögurnar.


Tillaga að breyttu aðalskipulagi nær til núverandi íbúðarsvæðis við Skútustaði 2b. Breytingin felur í sér að svæðið sem er 1,56 ha að stærð breytist úr „íbúðarsvæði“ í blandaða landnotkun: „íbúðarsvæði“ og „verslunar- og þjónustusvæði“. Á svæðinu sem breytingartillagan nær yfir eru gervigígar. Samkvæmt 37. grein laga um náttúruvernd njóta jarðmyndanir eins og gervigígar sérstakrar verndar.


Svæðið sem tillaga að breytingu á aðalskipulagi nær til er innan svæðis sem Umhverfisstofnun hefur lagt til að verði friðlýst í samræmi við ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Ofangreint svæði er í tillögum Umhverfisstofnunar nefnt „Hverfjall/Hverfell, Dimmuborgir, Lúdent, Lúdents- og Þrengslaborgir ásamt Laxárhraunum“. Í umfjöllun um svæðið kemur fram að: *“Umhverfisstofnun leggur til að jarðmyndanir austan við Mývatn verði verndaðar sem ein heild en á svæðinu er að finna afar sérstæðar og fjölbreyttar jarðmyndanir. Svæðið er mikilvægt til vísindarannsókna og fræðslu. Það er einnig vinsælt til útivistar og býður uppá mikla möguleika til skipulagðra gönguferða með áherslu á jarðfræði og landmótun.”*

Deiliskipulagstillaga fyrir Skútustaði 2b í Skútustaðahreppi felur í sér að afmarkaðir eru 4 byggingarreitir innan marka skipulagssvæðisins. Þegar hefur verið byggt á byggingarreit A og að hluta til á byggingarreit B. Í skipulagstillögunni felast þær breytingar að á byggingarreit B er gert ráð fyrir stækkunarmöguleikum upp á 200 fermetra. Á byggingarreit C er gert ráð fyrir byggingum alls 300 fermetra og á byggingarreit D er gert ráð fyrir byggingum allt að 250 fermetra.

Að mati Umhverfisstofnunar fara byggingarreitir D og C óþarflega nálægt gervíg á suð-austurluta deiliskipulagssvæðisins og telur Umhverfisstofnun að færa eigi mörk þeirra fjær gígnum. Umhverfisstofnun telur að hægt væri að minnka eða endurskipuleggja það svæði er fer undir vegi og bílastæði innan deiliskipulagssvæðisins og fá þannig rými til að færa byggingarreiti fjær gígnum. Með vísan í V. kafla laga um náttúruvernd nr. 44/1999 bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að við hönnun mannvirkja sé þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vanda allar framkvæmdir.

Virðingarfyllt

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Kristín L. Arnadóttir  
Forstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun

